

## **Umsögn Samtakanna '78 um aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks 2026-2029 - mál nr. S-157/2025**

Samtökin '78 fagna því stjórnvöld haldi áfram vinnu við málefni hinsegin fólks í þessari annarri aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2029. Það er vel að ríkisstjórn Íslands sjái nauðsyn og þörfina á framhaldi af þeirri mikilvægu vinnu sem fram hefur farið nú þegar. Þó gera samtökin sérstaka athugasemd við að fjárveiting aukist ekki í takt við fjölda aðgerða eða að framkvæmdasjóður endurspegli ekki þróun verðlags heldur standi í stað. Kostnaði við margar aðgerðir er ætlað að rúmast innan fjárheimilda, en aðgerðirnar eru sumar mjög umfangsmiklar og aðeins 10 milljónir í pottinum á ári hverju. Nauðsynlegt er að endurskoða kostnaðarmat áætlunarinnar til að hún nái markmiðum sínum. **Fjármagn þarf til aðgerða svo þær skili raunverulegum árangri.**

Samtökin '78 kalla einnig eftir því að aðgerðaráætlunin hljóti þinglega meðferð. Samtökin telja mikilvægt að þingið fái tækifæri til að fjalla um áætlunina og þær áherslur sem í henni felast, enda muni samþykkt áætlunarinnar í formi þingsályktunar stuðla að markvissum og áhrifaríkum aðgerðum til framtíðar.

Enn fremur leggja Samtökin '78 til að stjórnvöld hafi vítt samráð við hagsmunafélög hinsegin fólks þegar unnið er að framkvæmd aðgerða. Samráð við Trans Ísland, Intersex Ísland og Hinsegin daga, til að mynda, komi í veg fyrir að hinu takmarkaða fjármagni sé sóað í aðgerðir sem ekki þjóni samfélaginu í raun.

### **Í hnotskurn**

- Samtökin '78 fagna aðgerðaáætluninni heilshugar, en telja að hún sé vanfjármögnuð.
- Samtökin '78 eru samstarfsaðili í fimm aðgerðum, en hætta er á að kjarnavinna samtakanna líði fyrir það framlag, sér í lagi ef fjármagn skortir.
- Þrjár aðgerðir úr aðgerðaáætlun 2022-2025, *Líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni, Líðan hinsegin öryrkja og aldraðra auk Aðgengi trans fólks - vinnustaðir, sundstaðir, íþróttamannvirki*, voru ekki framkvæmdar á tímabilinu en hafa verið grænmerktar í mælaborði á vef stjórnarráðsins. Þær þarf að framkvæma í raun.
- Í aðgerðaáætlun 2022-2025 eru aðgerðir sem fylgja þarf eftir.
- Athugasemdir Samtakanna '78 við einstakar aðgerðir fylgja hér að neðan.

## **Ókláraðar aðgerðir úr aðgerðaáætlun 2022-2025**

Tvær aðgerðir úr fyrri aðgerðaáætlun, *Líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni* og *Líðan hinsegin öryrkja og aldraðra*, voru ekki framkvæmdar á tímabilinu en hafa verið grænmerktar í mælaborði á vef stjórnarráðsins með vísan í yfirlitsskýrslu Þorsteins Vilhjálmssonar um stöðu hinsegin fólks á Íslandi, sem var önnur aðgerð (*Kortlagning á stöðu hinsegin fólks á Íslandi*).

Samtökin '78 leggja áherslu á að rannsakandi gerði alvarlega athugasemd við skort á rannsóknum og benti ítrekað á takmarkanir rannsóknar sinnar, sökum skorts á fjármagni. Þá benti rannsakandi á að nauðsynlegt væri að ráðast í frekari rannsóknir.

Mikill skortur er á skýrum upplýsingum um þessa þrjá hópa hinsegin fólks og þessar aðgerðir þarf því að framkvæma í raun og veru. Þær eru hafðar hér með til upprifjunar og við hvetjum dómsmálaráðuneytið til þess að leggja þær fram að nýju og framkvæma þessar úttektir á fyrsta ári nýrrar áætlunar:

### **Líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni** (úr aðgerðaáætlun 2022-2025)

*Úttekt á líðan hinsegin fólks á landsbyggðinni verði gerð og hún skoðuð út frá samfélagslegum þáttum og því markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu. Hugað verði sérstaklega að líðan og stöðu hinsegin fólks í litlum samfélögum á landsbyggðinni þar sem nálægð er mikil og atvinnulíf er víða einhæft.*

*Markmið aðgerðarinnar verði að rannsaka líðan og stöðu hinsegin fólks á landsbyggðinni.*

### **Líðan hinsegin öryrkja og aldraðra** (úr aðgerðaáætlun 2022-2025)

*Úttekt á líðan hinsegin öryrkja og aldraðra verði gerð og hún skoðuð út frá samfélagslegum þáttum og því markmiði að jafna stöðu öryrkja og aldraðra í samfélaginu. Hugað verði sérstaklega að líðan og stöðu þessa hóps í samfélaginu og litið til einangrunar og tjáningar. Markmið aðgerðarinnar verði að rannsaka líðan og stöðu hinsegin öryrkja og aldraðra.*

Þriðja aðgerðin sem ekki kom til framkvæmda, en hefur verið grænmerkt í mælaborði, er *Aðgengi trans fólks - vinnustaðir, sundstaðir, íþróttamannvirki*. Hún hljóðaði svo:

### **Aðgengi trans fólks - vinnustaðir, sundstaðir, íþróttamannvirki** (úr aðgerðaáætlun 2022-2025)

*Skipaður verði starfshópur undir forystu forsætisráðuneytis til að vinna að heildarúttekt á aðgengismálum fyrir trans fólk út frá gildandi reglum og stöðu málaflokksins almennt. Starfshópurinn*

*verði skipaður fulltrúum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og innviðaráðuneyti. Markmið aðgerðarinnar verði að skýra og samræma reglur um aðgengi trans fólks á vinnustöðum og almenningsrymum, svo sem sundlaugum og öðrum íþróttamannvirkjum.*

## **Aðgerðir úr aðgerðaáætlun 2022-2025 sem þarfnast eftirfylgdar**

Samtökin gera athugasemd við að engin aðgerð í þessari áætlun sé framhald af *Aðgengi trans fólks - vinnustaðir, sundstaðir, íþróttamannvirki* úr fyrri áætlun, en til að mynda gæti slík aðgerð ýtt á eftir samsvarandi reglugerðarbreytingum og gerðar hafa verið um aðgengi að salernum á almenningsstöðum nr. 903/2024 (19. gr).

Þá er engin aðgerð sem ýtir á eftir framfylgd reglugerðarbreytinga um aðgengi að salernum og snyrtingum á vinnustöðum, nr. 581/1995, en ekki er vanþörf á því að fylgja þeim breytingum eftir.

Loks gera Samtökin alvarlega athugasemd við að ekki sé haldið áfram með sértækar aðgerðir í þágu fatlaðs hinsegin fólks, en vitanlega þarf úttekt á líðan fatlaðs hinsegin fólks að fara fram (sjá ókláraðar aðgerðir hér að ofan) svo hægt sé að móta árangursríkar aðgerðir.

## **Umsagnir um einstakar aðgerðir**

**4. Aukinn sýnileiki hinseginleika í námsefni grunnskóla.** Samtökin '78 sem og fagfólk sem starfar með börnum og ungmennum hafa lengi kallað eftir fjölbreyttara námsefni í grunnskólum. Framleiða verði í framhaldi námsefni sem innifeli þetta. Samtökin '78 kalla eftir því að hugað verði að því að samtvinna mismunabreytur svo fjölbreytni mannlífsins og raunveruleiki barna og ungmenna sé endurspegladur í námsefninu. Samtökin óttast þó að þessir fjármunir (1 milljón) muni alls ekki duga til að gera þessari aðgerð nógu góð skil.

**5. Stuðningur við börn og forsjáraðila barna með kynama.** Innan þessarar aðgerðar þarf að huga að því að Samtökin '78 hafa hingað til sinnt mikið af þeirri þjónustu sem ætti frekar heima á fyrsta stigi heilbrigðiskerfisins. Samtökin '78, sem og félagið Trans Ísland hafa veitt stuðning og þekkingu sem ætti betur heima inni á heilsugæslustöðvum til dæmis. Gæta þarf að þessi aðgerð feli ekki í sér aukið álag á trans teymi Landspítalans, heldur að þekkingunni sé dreift víðar.

**6. Stuðningsáætlanir fyrir hinsegin börn í skólum.** Samtökin '78 hafa undanfarna áratugi verið nær eina leið kennara og fagfólks á landsbyggðinni til þess að leita sér þekkingar um hinsegin mál. Leiðbeiningar um stuðningsáætlanir fyrir skóla þurfa að koma beint frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu þar sem þekking er ekki endilega til innan hvers skóla fyrir sig. Einnig vilja Samtökin leggja til að innan Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu verði til þekkingargátt þar sem fagfólk innan skóla á landsbyggðinni geti sótt sér stuðning, og að í gerð þessara áætlana sé haft í huga að þetta er vinna sem Samtökin '78 hafi tekið að sér án endurgjalds hingað til.

### **8. Starfsþróunarnámskeið fyrir kennara, skólastjórnendur og starfsfólk í frístundastarfi.**

Samtökin '78 fagna þessari aðgerð, en starfsfólk samtakanna finnur stöðugt fyrir því að fagfólk í skóla- og æskulýðsstarfi skortir oft leiðir til þess að bæta við þekkingu sína á þessum málaflokki á auðveldan og skilmerkilegan hátt. Það er því ekki úr vegi að kalla eftir því að þetta námskeið verði skylda. Mikilvægt er að námskeiðið fjalli um allt hinsegin fólk og fjölbreyttar þarfir innan hópsins sem samanstendur af allskonar fólki. Það skiptir máli að taka til frekari mismunabreytur og gera ekki ráð fyrir að hinsegin fólk sé einsleitur hópur.

### **11. Vitundarvakning meðal ungs fólks um hatursorðræðu gagnvart hinsegin fólki.**

Samtökin '78 telja brýnt að haft sé samráð við ungt fólk í allri vitundarvakningu og benda á að starfsfólk hinsegin félagsmiðstöðvar sem og ungmennaráð Samtakanna '78 geti komið þar að. Samtökin gera einnig alvarlega athugasemd við að þessi aðgerð beinist eingöngu að ungu fólki og benda á að ríkjandi orðræða á ekki rætur sínar þar. Mikilvægt er að greina raunverulega uppsprettu og birtingarmyndir hatursorðræðu til að vinna bug á. Samtökin kalla eftir því að stjórnvöld vinni markvisst gegn rótum hatursorðræðu af festu og ábyrgð.

### **13. Samræmdar verklagsreglur lögreglu um hatursglæpi gegn hinsegin fólki.**

Þessari aðgerð fagna Samtökin '78 eindregið, því það er orðið tímabært að taka saman gögn um hatursglæpi gagnvart hinsegin fólki, en tilkynningum um slík atvik til samtakanna hefur fjölgað á undanförunum árum. Samtökin '78 kalla eftir því að verklagsreglur verði tilbúnar fyrir lok tímabilsins. Bent var á í aðdraganda áætlunarinnar að skilgreina þarf hatursglæpi sérstaklega í almennum hegningarlögum.

### **15. Betri stuðningur við hinsegin þolendur heimilisofbeldis.**

Samtökin '78 hafa síðan 2019 verið í samstarfi við lögregluna og frætt lögreglufólk um heimilisofbeldi sem beinist að hinsegin fólki. Í skýrslu sem unnin var fyrir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið árið 2024, *Ofbeldi í nánum*

*samböndum og fjölskyldum hinsegin fólks*, kemur fram að um fjórðungur svarenda hafði orðið fyrir andlegu ofbeldi og tæplega 90% þeirra svarenda sem ekki eru siskynja merkja við einn eða fleiri merki um andlegt ofbeldi inni á heimili. Heimilisofbeldi þar sem hinsegin börn eru þolendur er einnig oft mjög falið fyrir utanaðkomandi. Því leggja Samtökin '78 til að sérstakur tengiliður sem á að skipa hafi bæði víðtæka reynslu og þekkingu á hinsegin samfélaginu og að hlutverk hans sé hugsað til þess að auka fræðslu innan lögreglunnar um sérstöðu hinsegin fólks gagnvart lögreglunni. Samtökin '78 leggja til að Barna- og fjölskyldustofa komi einnig að þessari aðgerð, þar sem um farsældarmál barna í viðkvæmri stöðu er oft að ræða.

#### **18. Stuðningur við börn með ódæmigerð kyneinkenni (intersex) og forsjáraðila þeirra.**

Samtökin '78 fagna því eindregið að aðgerð um stuðning við börn með ódæmigerð kyneinkenni og forsjáraðila þeirra verði að veruleika. Fjölskyldur sem leita til Samtakanna '78 og Intersex Íslands lýsa því að þau hafi ekki fengið sálfélagslegum þörfum sínum mætt á Landspítalanum hingað til og þau falli á milli í kefinu. Samtökin '78 telja að stuðningur og fræðsla þurfi einnig að fara fram áður en greining á sér stað og telja að almenn fræðsla til foreldra um ódæmigerð kyneinkenni þyrfti einnig að vera hluti af þessari aðgerð, en það myndi fela í sér að ljósmæður upplýstu verðandi foreldra um þennan veruleika. Samtökin '78 hvetja heilbrigðisráðuneytið til þess að stíga skrefið og framfylgja lögum um kynrænt sjálfræði en samkvæmt 11. gr. í lögum um kynrænt sjálfræði átti að skipa starfshóp ekki seinna en þremur árum eftir að [11.gr.](#) tók gildi. Samtökin '78 kalla eftir því að þessari grein verði framfylgt og að ráðherra stígi skrefið til fulls. Hér benda Samtökin '78 einnig á að framkvæmdaaðili þurfi að hafa samráð við félagið Intersex Ísland sem býr yfir þekkingu á aðstæðum og þjónustubörfum þessa hóps.

#### **19. Skýrari viðmið í þjónustu teymis barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans um kynvitund.**

Samtökin '78 kalla eftir því, rétt eins og teymi barna- og unglíngageðdeildar gerði með umsögn árið 2022, „að viðmið um þjónustu séu einnig skilgreind fyrir fyrstu og annarrar línu heilbrigðisþjónustu, svo þau börn sem ekki hafa náð kynþroska, eiga ekki við geðrænan vanda að stríða og/eða óska ekki eftir inngripi á grundvelli kynstaðfestingar, fái þjónustu í nærumhverfi“, til að mynda hjá heilsugæslu. Sé þjónustan færð í nærumhverfi þá minnkar álag á barna- og unglíngageðdeild, sem skilar sér í betri þjónustu fyrir barnið. Þá benda samtökin á að 3.mgr. 13.gr. í lögum um kynrænt sjálfræði er ekki enn fullnægt.

#### **20. Skoðun á fýsileika þess að Sjúkratryggingar Íslands taki þátt í kostnaði við varðveislu kynfruma.**

Í þessari aðgerð er gert ráð fyrir að tvö ár fari í að kanna fýsileika þess að

Sjúkrtryggingar Íslands taki þátt í kostnaði við varðveislu kynfruma. Samtökin '78 telja að tímabilið sé betur nýtt með því að fara strax í það að ráðuneytið geri áætlun um varðveislu. Samtökin '78 hafa átt ótal fundi með sjúkratryggingum sem og ráðuneytinu undanfarin ár og telja að ríkisstjórn Íslands sé ekki að framfylgja lögum ef ekki er hægt að semja við Sí. Þessi þáttur er liður í því að þjónusta þann hóp sem á kynstaðfestandi meðferð þarf á að halda. Þá er varðveisla kynfruma nauðsynlegur og þarfur liður af því.

**21. Skýrari viðmið í kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu Landspítala.** Samtökin '78 óska eftir að framkvæmdaaðili, í þessu tilfalli heilbrigðisráðuneytið, hafi vítt samráð við félög hinsegin fólks, til að mynda Trans Ísland, Intersex Ísland, sem og Samtökin '78, við framkvæmd þessarar aðgerðar til þess að gæta þess að allt hinsegin fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda hafi aðgang að henni.

**23. Jöfn foreldraviðurkenning.** Samtökin '78 skora á stjórnvöld að beita sér af alvöru fyrir jöfnum foreldrarétti sam- og gagnkynja para. Samtökin '78 hafa ýtt á eftir úrbótum á núverandi fyrirkomulagi í fjöldamörg ár og þolinmæðin er á þrotum. Frá árinu 2017 hefur legið ályktun úr þinginu þar sem kemur fram skýr vilji löggjafans til þess að leiðrétta þetta. Samtökin '78 vísa á [umsögn sína](#) um breytingar á barnalögum frá 2020, en hún á enn við í meginatriðum. Þar segir m.a.: *Samtökin '78 hvetja stjórnvöld til þess að hætta að reyna að elta veruleikann með æ flóknara lagaumhverfi og breyta lögunum einfaldlega þannig að maki eða sambúðarmaki einstaklings sem elur barn verði sjálfkrafa foreldri, faðir eða móðir barnsins (í samræmi við kynskráningu), án þess að skila þurfi inn sérstöku vottorði um að tæknifrjóvgunarmeðferð hafi verið þegin. Það myndi gæta jafnræðis meðal foreldra og tryggja hinsegin foreldrum sama rétt og öðrum foreldrum. Einnig telja Samtökin '78 það mikilvægt að foreldrar séu rétt skráðir strax við fæðingu, enda er það hagsmunamál barnsins.* Þá vekja Samtökin '78 athygli á því að margt hinsegin fólk stofnar fjölskyldu þar sem foreldrar eru fleiri en tveir frá upphafi. Tryggja þarf réttindi þeirra barna gagnvart öllum foreldrum sínum.

Samtökin '78 leggja áherslu á að til verði drög að frumvarpi eða reglugerð, svo málið klárast í lok tímabils.

**25. Rannsóknasetur í hinsegin fræðum.** Samtökin '78 telja að í þessari aðgerð sé hægt að gera betur. Samtökin '78 leggja til að tímabilið verði betur nýtt, að raunhæfi verði kannað á einu ári, og seinni tvö árin verði setrinu komið á fót. Það er von samtakanna að þessi aðgerð feli í sér að Skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála sjái hag í því að rannsóknarsetri í hinsegin fræðum

verði komið á fót í lok tímabilsins. Samtökin '78 telja mikilvægt að rannsóknarsetur eigi sér heimili við hæfi og að því sé sinnt af starfsmanni sem hafi sérhæfða þekkingu og reynslu þegar kemur að hinsegin málum, hvort sem það verður innan RIKK eða annarsstaðar.

**28. Fræðsla til fjölmiðla.** Samtökin '78 benda á að hér er kjörið tækifæri til þess að hafa samráð við félagið Trans Ísland, sem nú þegar hefur unnið mikilvæga vinnu við gerð bæklingisins *Talað um trans* sem félagið gaf út árið 2022.

### **30. Efling hinsegin menningar**

Samtökin '78 vilja koma því á framfæri að þekking um hvað telst til hinsegin menningar þurfi að vera til staðar áður en greining á sér stað. Hinsegin menning er menningarkimi sem nær utan um ólíkar birtingamyndir sem oft eru á jaðrinum og ekki augljósir þeim sem standa fyrir utan. Samtökin '78 telja að mikla vinnu þurfi til að efla vitund og skrásetja þennan hluta menningararfs Íslendinga ellegar eigum við á hætta að týna dýrmætum menningararfi okkar. Samtökin '78 hvetja því til þess að sértækir sjóðir á forræði ríkisins ánefni ákveðnum hluta síns fjármagns sérstaklega til hinsegin listar og menningar.

**31. Stuðningur við inngildingu í háskólum.** Samtökin '78 minna á að þekkingu á hinsegin- og jafnréttismálum innan háskóla er að finna hjá Q - félagi hinsegin stúdenta sem og ERGI - félagi stúdenta á norðurlandi.

### **32. Bætt tölfræði um alþjóðlega vernd hinsegin fólks.**

Það væri mjög hjálplegt fyrir stefnumótun og upplýsingaöflun að safna einnig tölfræði um það fólk sem kveðst vera hinsegin þegar það sækir um alþjóðlega vernd en hlýtur ekki vernd á Íslandi. Þar gætu komið fram mikilvægar upplýsingar um það hvaða ríki eru í reynd örugg ríki fyrir hinsegin fólk, en einnig upplýsingar um það hvaða áhrif ný útlendingalög hafa á þennan hóp flóttafólks. Samtökin '78 hafa reynslu af því að fólk sem sannarlega þarf á aðstoð og skjóli að halda er sent úr landi í vægast sagt ótryggar aðstæður, hvort sem það er í upprunalandi eða í því landi sem fólk eru sent til á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Samhliða því að bæta söfnun tölfræði um málaflokkinn væri ástæða til að fela óháðum aðila að gera úttekt á verklagi í kringum mat á umsóknum hinsegin fólks.

**33. Fræðsla til starfsfólks við málsmeðferð og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.** Þessi aðgerð er brýn og þörf, en skjólstæðingar Samtakanna '78 lýsa gjarnan vanþekkingu

á þörfum þeirra og litlum skilningi starfsfólks sem þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd. Samtökin '78 eru fegin því að úr þessu verði bætt innan Útlendingastofnunar og minna á að fræðslan þarf að vera órjúfanlegur þáttur af starfsþjálfun, ekki tímabundið áttak.

### **34. Öruggt húsnæði, fræðsla og stuðningur við hinsegin umsækjendur um alþjóðlega**

**vernd.** Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá að stjórnvöld vilji tryggja öryggi hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd, en Samtökin '78 bentu sérstaklega á skort á aðgerðum fyrir þennan hóp fyrir fyrri aðgerðaáætlun.

## **Tillögur að nýjum aðgerðum**

**35) Framkvæmdasjóður til sveitarfélaga** Samtökin '78 leggja til að lögð verði fram áætlun eða búinn til framkvæmdasjóður fyrir sveitarfélög að leita til svo hægt sé að bæta aðstöðu fyrir trans fólk, í samræmi við reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024 og reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010. Sveitarfélög eru mjög misvel í stakk búin til þess að ráðast í slíkar framkvæmdir.

**36) Fræðsluefni fyrir börn og ungmenni í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi í dreifingu.** Samtökin '78 óska eftir framhaldi úr fyrri aðgerðaáætlun á *Hinsegin börn og ungmenni í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi*. Fræðsluefni er tilbúið en vegna vanfjármögnunar í fyrri aðgerð varð engin dreifing á efninu umfram netbirtingu. Samtökin '78 óska eftir því að stjórnvöld komi þessu metnaðarfulla fræðsluefni sem varð til með fyrri áætlun í farveg í íþróttá, tómsunda og æskulýðsstarfi.

**37) Þjónusta við hinsegin ferðafólk:** Samtökin '78 leggja til að ráðist verði í aðgerðir þar sem kynsegin fólk bjóðist sérstök ferðaskilríki þar sem kyn þeirra er annað en skráð kyn í þjóðskrá, þ.e. kven- eða karlkyn í stað hlutlausrar kynskráningar. Þá leggja Samtökin '78 til að komið verði upp verklagi til þess að auka öryggi íslenskra borgara í löndum þar sem hinsegin fólk er ekki öruggt, t.d. með því að bjóða upp á viðtalstíma fyrir hinsegin fólk sem þarf að ferðast til óöruggra landa og með því að fylgjast sérstaklega með þróun hinsegin málefna í löndum heimsins. Þá teljum við mikilvægt að borgarabjónustan tryggi öryggi allra íslenskra borgara og gefi út sérstakar ferðaviðvaranir til hinsegin fólks þegar þörf er á.



### **38) Hinsegin félagsmiðstöðin - þekkingarmiðstöð**

Í 10 ár hafa Samtökin '78 haldið úti Hinsegin félagsmiðstöðinni í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þar hefur myndast gríðarmikil þekking á málefnum hinsegin barna og ungmenna og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar sinnir á hverjum degi fræðslu og erinda til félagsmiðstöðvarstarfsfólks þar sem skortir þekkingu sem hinsegin félagsmiðstöðin býr yfir. Þá ber að nefna að Hinsegin félagsmiðstöðin tekur á mótum börnum úr öllum landshlutum og sveitarfélögum. Í rannsóknnum eins og Íslensku æskulýðsrannsókninni kemur skýrt fram að hinsegin ungmenni þurfi aukinn stuðning vegna þess að sá hópur upplifir útskúfun og fordóma, en skv. bráðabirgðaniðurstöðum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni lýsa 30% hinsegin ungmenna daglegum kvíða, samanborið við 17% annarra ungmenna.

Samtökin '78 kalla eftir því að barna- og menntamálaráðuneytið efli félagsmiðstöðina með því að stuðla að því að þar geti orðið til þekkingarmiðstöð fyrir félagsmiðstöðvarstarfsfólk, rétt eins og ráðuneytið styður Flotann - flakkandi félagsmiðstöð.

**39) Skaðabætur til þeirra sem hafa þurft að gangast undir aðgerðir vegna ódæmigerðra kyneinkenna.** Árið 2021 var á Alþingi borin upp tillaga til þingsályktunar nr. 631 um um skipun starfshóps um sanngirnisbætur vegna aðgerða vegna ódæmigerðra kyneinkenna. Samtökin '78 óska eftir að sú tillaga verði tekin upp aftur, en hún fól í sér að skipaður yrði starfshópur sem tæki til skoðunar umfang aðgerða vegna ódæmigerðra kyneinkenna sem gerðar voru áður en lög um kynrænt sjálfræði voru samþykkt. Enn fremur leggja Samtökin '78 áherslu á að stjórnvöld kanni tilefni og grundvöll þess að einstaklingar sem hlutu slíka meðferð verði bættur skaði sem kann að hafa hlotist af slíkum aðgerðum.

### **40) Uppgjör við HIV tímann.**

Í ár eru liðin 40 ár frá því að fyrsta HIV smitið var greint hér á landi. Við tók langt tímabil þagnar, ótta, útskúfunar og aðgerðaleysis. Þau sem smituðust lifðu við fordóma, félagslega einangrun og úrræðaleysis stofnanna ríkisins og yfirvalda. Mörg dóu í skugga skammar á meðan þau sem lifðu sátu eftir í sorg sinni. Samtökin '78 telja að tími sé kominn til að íslensk stjórnvöld taki ábyrgð og biðjist afsökunar á sinnuleysi, þögn og misrétti gagnvart fólki sem smitaðist af HIV og fjölskyldum þeirra. Samtökin '78 leggja til að reistur verði minnisvarði til heiðurs þeirra sem létust, og skapa þannig rými fyrir sorg, sögu og samfélagslega endurheimt.

Samtökin '78 vilja benda á nauðsyn víðtækrar skráningar og varðveislu sögu HIV-tímans á Íslandi, ekki aðeins sem sögu illvígs sjúkdóms heldur einnig sögu samtakamáttar, baráttu og sköpunar. Safna þarf heimildum frá þeim sem stóðu í eldlínunni, þeim sem lifðu, aðstandendum og

elskhugum þeirra sem létust og ekki síst heilbrigðisstarfsfólki en sú vinna þolir enga bið eðli málsins samkvæmt.

## Að lokum

Þessi önnur aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks er mjög metnaðarfull og Samtökin '78 fagna henni sannarlega. Íslensk stjórnvöld hafa undanfarið sett tóninn þegar kemur að mannréttindamálum, en orðum þurfa að fylgja aðgerðir sem stuðla að frjálsu samfélagi í nútíð og framtíð. Samtökin '78 hafa barist fyrir réttindum hinsegin fólks á Íslandi í hartnær hálfa öld og vita að það er mikilvægt að missa ekki dampinn, sér í lagi í landslagi dagsins í dag og telja að hægt sé að taka stærri skref til þess að fylgja eftir fyrstu aðgerðaráætlun.


Að lokum viljum við þakka fyrir það samráð sem haft var við Samtökin '78 og við lýsum okkur reiðubúin til þess að vera til áframhaldandi ráðgjafar og samtals.

Fyrir hönd Samtakanna '78,



---

Bergrún Andradóttir  
skrifstofustjóri



---

Bjarndís Helga Tómasdóttir  
formaður